



Samtök sveitarfélaga á
höfuðborgarsvæðinu



Erasmus+

SCANDIAVÍUFERÐ

Skólaárið 2018-2019

Ingibjörg Þorgerður Hjaltadóttir
styrkþegi

Tveggja vikna námsferð til Norðurlanda á vegum verkefnisins
Job-shadowing for teaching and integration of bilingual students.

Fjármagnað af Erasmus+ menntaverkefni Evrópusambandsins.

Samningur nr. 2018-1-IS01-KA101-038753



GARÐABÆR



HAFNARFJÖRÐUR



Kópavogsbær



MOSFELLSBÆR



Reykjavíkurborg



SELTJARNARNES

Inngangur

Í þessari skýrslu verður skýrt frá skólaheimsókn í Rungsted skole í Hörsholm í Damörku í 9 skóladaga, dagana 29. október – 9. nóvember 2018. Hér ætla ég að fjalla um aðdraganda ferðarinnar, heimsóknina sjálfa og úrvinnslu gagna úr ferðinni og hvað má læra af kennurunum sem ég fékk að fylgjast með. Einnig hvað við erum við í Hörðuvallaskóla erum að gera vel.

Í Rungsted skole er unnið eftir módelinu“ Fælles børn - fælles ansvar“ sem útleggst á íslensku sem „Okkar börn - okkar ábyrgð“.

Ferðatilhögun og framkvæmd

1. Skipulag og framkvæmd ferðar

Allt byrjaði þetta með því að ég sá auglýsingu um Erasmus styrk til skólaheimsóknar til Skandinavíu í maí 2018 og ákvað þá strax að sækja um hann. Við Kristín, sem vinnum saman í námsveri nemenda með íslensku sem annað mál, ákváðum strax að sækja um og freista þess að fá að fara saman, sem teymi. Úr því varð þó ekki, en Kristín, samstarfskona mín fékk leyfi hjá skólastjóranum okkar til að vera með mér seinni vikuna. Það var mikilvægt því þá gátum við skeggrætt málin á kvöldin og borið saman bækur okkar.

Ég hafði samband við Heklu Hannibalsdóttur sem sér um málefni nýbúa í Kópavogi, um mögulega skóla sem gott væri að heimsækja. Hún benti mér m.a. á Rungsted skole og ég sendi bréf þangað. Þar var mér strax vel tekið og ég boðin velkomin í skólaheimsókn og var tengd við Elísabeth, sem sér um móttöku og kennslu nýbúa í Rungsted skole. Hafði ég þá aftur samband við Heklu Hannibalsdóttur varðandi styrk og fékk afgreiðslu skjótt og vel.

Tímabilið var ákveðið með hliðsjón af vetrarfríum í Danmörku og hér á landi. 30. október skyldi vera upphafsdagur heimsóknarinnar og 9. nóvember lokadagur. Ég var alla dagana í þessum skóla og held að það hafi verið góð ákvörðun, enda það sem lagt var upp með fyrir þessa ferð. Mér fannst ég aðeins komast inn í kennarasamfélagið og verða ófeimnari við að spyrja og tjá mig.

Mætti ég svo á umsömdum tíma á skrifstofu skólans. Mér leist strax vel á mig í skólanum. Ég fylgdi stundatöflu nýbúaversins þ.e. ég fylgdi 3 kennurum, sem allir eru mjög færar á þessu sviði.

Ég mætti í skólann fyrst 30. október og hitti skólastjóran og deildastjóra „Dansk basis“ þ.e.a.s. kennslu nemenda með dönsku sem annað mál. Hún heitir Elísabeth og hefur séð um þessa kennslu í 20 ár. Mjög fær og góður kennari að mínu mati.

2. Heimsóknarskóli

Rungsted skole er almennur grunnskóli í Hörsholm Kommune. Hörsholm er á Sjálandi, norðan við Kaupmannahöfn. Íbúar Rungsted eru frekar vel stæðir og lítið er af félagslegum vandamálum. Kennir frá 0. upp í 9. bekk en það samsvarar 1. til 10. bekk hér á landi.

Einkunnarorð skólans eru: FAGLIGHED – ANERKENDELSE – GENSIDIG RESPECT – ENGAGEMENT – NYSGERRIGHED, sem í afar lauslegri þýðingu gæti útlagst, Fagmennska – viðurkenning – gagnkvæm virðing – skuldbinding/staðfesta - forvitni.

Í skólanum er mjög gott frístundastarf og gott andrúmsloft í bæði meðal nemenda og kennara.

Nemendur eru um 500 og þar af eru nemendur með dönsku sem annað tungumál um 25.

Í Hörsholmkommune er móttaka og kennsla nemenda með annað tungumál með svipuðum hætti og hér. Ekki er móttökudeild eða móttökuskóli. Nemendur koma beint í skólann og fá skerta töflu til að byrja með og mikla aðstoð frá námsveri nemenda með dönsku sem annað mál. Nemendur taka stöðupróf fljótlega eftir komu í námsverið og svo er reglulega tekið framvindumat

Nemendur mæta sjálfir í námsver með öll námsgögn. Allt námsefni var fundið til af kennurum námsversins. Nemendur voru af ýmsum uppruna, nýkomnir nemendur fengu upp í tíu tíma á viku í námsveri. Reynt er að funda með umsjónakennurum vegna einstakra nemenda. Einnig hitta skólastjórnendur námsverskennarar nokkrum sinnum yfir árið.

Alltaf er byrjað er á að byggja upp grunnorðaförða áður en farið er að kenna máhljóð og stafrófið. Farið er frá einföldum orðaförða í fagorðaförða. Mikilvægt að kenna sem fjölbreyttast mál. Mikið er lagt uppúr að þjálfra tal, máhljóð, upplestur og framburð t.d. eiga allir að lesa upphátt og endurtaka fyrir framan aðra. Það var engin feimni með að þjálfra þessi atriði, endurtaka og tala hátt og skýrt. Danskir kennarar lögðu áherslu á að kenna lestur og lesskilning til að nemendur eigi greiðari aðgang að áframhaldandi námi og vinnu í samfélaginu.

Nemendur taka próf í orðaförða eftir hvern kafla í aðalkennslubókinni. Farið er fram á að þeir kunni 40-50 orð eftir hvern kafla. Það var prófað skriflega.

Ég spurði sérstaklega um „snúbúa“ (sem eru heimfluttir Danir/Íslendingar, eftir langa dvöl erlendis). Í Danmörku er þetta fámennur hópur miðað við hér. Kennararnir í DK voru mjög undrandi á hvað við erum að þjóna þessum hópi mikið, fannst að þetta ætti að vera á könnu foreldra.

3. Lærdómur minn

Ég lærði mjög margt og alltaf er gott að víkka út sjóndeildarhringinn. Fyrst vil ég nefna að mér þótti aginn vera miklu meiri og betri, nemendur mættu á réttum tíma og pössuðu upp á það sjálfir.

Hvernig kennarar í námveri, fyrir nemendur með dönsku sem annað mál í Rungstedskole byggja upp orðaförða finnst mér vera til eftirbreytni. Mér finnst við geta lært mikið af Dönnum hvernig þeir þjálfra með markvissum hætti orð og máhljóð. Hér er of mikið hugsað um að nemendum þyki óþægilegt að lesa og tala fyrir framan aðra.

Í danska námsverinu er sérvalið námsefni að öllu leyti og þannig er hægt að stýra betur hvað og hvernig er kennt. Ég tel að þessi tilhögun gæti skilað markvissari kennslu.

Heimanám var alltaf í hverri viku, oftast nokkrar blaðsíður í verkefnabók. Kennararnir voru óragir við að senda nemendur með verkefni heim og farið var yfir þau í „opnum tímum.“ Það eru tímar sem þessir nemendur gátu komið í og unnið dönsku, stærðfræði eða annað sem vantaði stuðning við. Kennararnir sögðu að í raun væri ekki val að mæta, heldur skylda. Þessir tímar voru fastir í stundatöflu.

Kallað var á túlka eftir þörfum einnig var kallað eftir túlki í nemendaviðtöl, til að skerpa á þáttum sem varða t.d. virkni í tímum.

Við mættum temja okkur betri vinnubrögð er varða fundi um nemendur, þ.e. að hafa eitthvert skipulag á fundatímum með umsjónakennurum er varða einstaka nemendur og stöðu þeirra námslega, ráðleggingar o.þ.u.l.

Skólastjórnendur koma reglulega til að ræða mál námsversins í heild og allt sem því viðkemur, það er mikilvægt til að námsverið verði ekki eyland í skólanum.

Unnið er með 120 algengustu orðin í dönsku á svipaðan hátt og við gerum hér með 100 orðin. Töluvert var af sjónrænu efni á veggjunum og mikið vísað í það.

Allir nemendur fara í „Nationaltest“ sem eru samræmd próf. Þar eru líka samræmd próf fyrir dönsku sem annað mál, þau eru tekin í 4. – 8. bekk. Það er sveigjanleiki hvenær prófin eru tekin. Nemendur taka einnig hefðbundin samræmd próf með sínum árgöngum. Nationaltest eru ekki fyrir fyrstu bekkina.

Kaflapróf þau eru góð til að fylgjast með framförum og ástundun námsins.

Það var gott að sjá og finna að það er margt sem við erum að gera mjög vel t.d. er lestrarkennslu sinnt mjög vel í okkar skóla og við höfum verið mjög dugleg að fara í vettvangsferðir og unnið mörg verkefni í tengslum við þær.

Ég hef í samstarfi við Kristínu, samkennara minn, breytt ýmsu hvað varðar nám og kennslu nemenda með íslensku sem annað mál. Má þar nefna gríðarlega áherslu á talað mál og upplestur. Einnig gerum við auknar kröfur um réttan framburð.

4. Lærdómur fyrir íslenskt skólakerfi

Ég tel að við getum lært mikið af svona skólaheimsóknum. Mér fannst aginn í Rungstedtskole meiri og kröfur á nemendur meiri en hér. Það er ekki launungarmál að agann þarf að slípa til hér á landi. Það var gerð krafa um að allir nemendur læsu upphátt og töluðu hátt og skýrt. Þetta er nánast aflagt, a.m.k. í mínum skóla. Gerð er krafa um réttan framburð og rétta stafsetningu og prófað er í orðaforða og stafsetningu eftir hvern kafla.

Allir nemendur, án undantekninga, fara í „nationaltest“ eftir því hvaða próf eru á döfinni í hvaða árgangi. Það eru til samræmd próf í dönsku sem annað mál fyrir ákveðna aldurshópa og fara nýbúarnir í þau, annars fara þeir í almenn, samræmd próf.

Mér persónulega finnst að allir nemendur eigi að þreyta samræmd próf, því það er eina leiðin til að fylgjast með stöðu nemenda í samanburði við önnur börn á landsvísu.

Ég spurði sérstaklega um „snúbúa“ (sem eru upprunalega heimamenn en snúa til baka eftir mislanga dvöl erlendis). Í Danmörku er þetta fámennur hópur miðað við Ísland. Kennararnir í DK voru mjög undrandi á því hvað við þjónum þessum hópi mikið, fannst að þetta ætti að vera mál foreldra. Mér finnst þetta vera umhugsunarefni fyrir okkur. Oft eru þetta mjög kröfuharðir foreldrar og spurning, fyrir hverja er námsver nemenda með íslensku sem annað mál. Verðum við ekki að einhenda okkur í að sinna erlendum börnum og koma þeim til mennta í nýja landinu þeirra, sem er að sjálfsögðu draumur og réttindi allra.

Lokaorð

Það er margt sem að ég tel að við getum lært af því að skoða hvað aðrir skólar og kennarar eru að gera. Ég sá að það er fjölbreyttara úrval af námsgögnum og fleiri mælitæki til að meta stöðu og framgang námsins í DK. Það væri gott ef við fengjum stöðluð og staðfærð mælitæki og námsefni. Ég efldist mikið við þessa reynslu bæði persónulega og sem kennari nemenda með íslensku sem annað mál. Áhugi minn á málefnum nemenda minna hefur aukist mikið og skoðanir mínar hafa mótast meira um hvað og hvernig eigi að vinna að þessum málum. Ég stend miklu styrkari fótum í því sem ég er að fást við í starfi mínu sem kennari nemenda með íslensku sem annað mál.

Með undirritun þessarar greinargerðar staðfesti ég þátttöku mína í umræddri ferð og að hún endurspeglar sjónarmið mín og þá framkvæmd sem átti sér stað í ferðinni.

Kópavogur

31. janúar 2019

Ingibjörg Þorgerður Hjaltadóttir
Grunnskólakennari í Hörðuvallaskóla, Kópavogi.

Ofangreind skýrsla verður birt á vef verkefnisins, <http://ssh.menntamidja.is>, til kynningar fyrir aðra um framkvæmdina.